

*ÆVINTÝRI  
SEBASTÍANS KASSMANNNS*



*Gyða Sigríður Björnsdóttir*

Útgefandi:

SORPA – Sorpeyðing höfuðborgarsvæðisins bs.  
Gufunesi, pósthólf 12100, 132 Reykjavík – sími 520 2200  
Netfang: sorpa@sorpa.is veffang: www.sorpa.is

Höfundur, myndskreyting\* og hönnun:  
Gyða Sigríður Björnsdóttir

\*Myndir bókarinnar eru að miklu leyti unnar úr úrgangi. Má helst nefna pappír og bylgjupappa, lífrænan úrgang, fernur, dagblöð, drykkjarumbúðir, málningar-klessur, timbur og grjót sem dæmi.  
Það má því segja að farin sé óhefðbundin leið til endurvinnslu á þessum úrgangsflokkum við gerð mynda í bókinni.

Prentun:

Hjá Guðjón Ó – Vistvæn prentsmiðja.

Prentað með jurtaþrentlitum á svansmerktann pappír, G-Print og Mega hálfmatt.

Öll réttindi áskilin.

© Sorpa



Það var á afmælisdeginum hennar Hönnu frænku minnar að ég sá Sebastián Kassmann fyrst. Hann stóð þarna á veisluborðinu í glitrandi fötum og prýddur slaufum. Þrátt fyrir að hann væri í sínu fínasta þússi vakti hann heldur lítinn áhuga hjá okkur krökkunum. Það var öllu heldur það sem hann innihélt sem við vorum spennt fyrir. Sebastián Kassmann var nefnilega kassi utan af fallegasta og stærsta flugdreka sem við höfðum nokkru sinni séð. Um leið og Hanna hafði rifið fötin utan af Sebastiání Kassmann og náð flugdrekanum upp úr honum endaði hann einn og yfirgefinn, ásamt fallegu fötunum sínum, í hrúgu úti í horni. Þaðan lá síðan leið hans, án þess að við veittum því nokkra eftirtekt, út í ruslatunnu. Mörg

ár liðu þar til ég hitti Sebastián Kassmann aftur. Þá var ég orðin heilum metra hærri svo að þið getið ímyndað ykkur að þetta var töluvert langur tími.

Ég var á gangi ásamt hundinum mínum, honum Tritli, svona rétt til þess að viðra okkur bæði, þegar lágvært, hálfkæft hljóð barst mér upp úr jörðinni. Þegar ég leit í kringum mig til þess að vita hvaðan hljóðið kæmi sá ég í fyrstu ekkert nema gras og steina. En ég er forvitin, svo að ég gafst ekki upp og að lokum kom ég auga á lítið, grábrúnt horn sem stóð upp úr jörðinni. Þaðan virtist mér öruggt að hljóðið kæmi svo að við Trítill byrjuðum að grafa frá því. Eftir nokkra stund kom sjálfur Sebastián Kassmann í ljós, lúinn og snjáður



eftir áralanga dvöl í jörðinni. Það var þá sem hann sagði mér frá ævintýrum sínum og lífinu undir yfirborði jarðar.

Sebastían Kassmann hafði, eins og áður sagði, lent í ruslatunnunni. Hann var ekki alveg einn þar því að á eftir honum komu kartöfluskrælingur, sem hét Kalli, þurrar brauðskorpur, sem nefndu sig Fjólurnar, eitt sæmilega vel nagað hangikjötsbein, sem hét Haraldur, og nokkrir gamlir Moggar, sem blöðruðu endalaust um liðinn tíma, og Sebastían Kassmann lærði aldrei nöfnin á. Þarna dvöldust þau, að því er Sebastíani Kassmann fannst, heila eilífð og Haraldur lyktaði ver með hverri mínútunni sem leið. Þegar Sebastían



Kassmann var alveg að því kominn að kafna fór tunnan skyndilega að hristast og skjálfa og Moggarnir voru sammála um að þetta væri örugglega Suðurlandsskjálftinn mikli. Svo var þó ekki, enda kom hann ekki fyrr en löngu síðar eins og við vitum öll. Hins vegar var tunnutæmingardagurinn upprunninn sem þýddi að ruslabíllinn var kominn að sækja þau og skjálftinn, sem þau fundu, stafaði bara af ójafnri gangstéttinni sem Bjarni hjá hreinsunardeildinni dró þau eftir. Skyndilega hætti skjálftinn og þau fundu hvernig þau tókust á loft í tunnunni og búmm-sarabúmm! á hvolf fór hún og allir ultu í einni kös út úr henni. Sebastián Kassmann var svo heppinn að lenda ofan á nöldrandi Moggunum, í



hæfilegri fjarlægð frá hinum illa lyktandi Haraldi. Nú hófst töluvert ferðalag í því sem Sebastián Kassmann reiknaði réttilega út að væri einhvers konar bíll. Á leiðinni bættust við fleiri félagar sem hlotið höfðu sömu örlög og Sebastián Kassmann og alltaf jukust þrengslin. Fæstum leið sérstaklega vel í troðningnum og veltingnum og voru því dauðfegnir þegar bíllinn loksins stöðvaðist og þeim var skyndilega sturtað út. Sebastián Kassmann sogaði til sín súrefni líkt og aldrei fyrr og baðaði út öngunum, enda var hann orðinn dauðþreyttur á blaðrinu í Moggunum, þrengslunum og stöðugum hristingnum í bílnum. Ekki bætti svo úr skák að Fjólurnar höfðu reynst hinar plássfrekustu og hann var sífellt að berjast við að

losa hendur og fætur þeirra úr vitum sér. Þið getið ímyndað ykkur að Sebastián Kassmann var ekkert sérstaklega hrifinn þegar ein Fjólan festi stórutá í nefinu á honum.

Jæja, þarna var hann þá lentur! Á stað sem hann hafði aldrei heyrt um og vissi ekki hvar var. Hann grunaði að þarna yrði hann að fara afar, afar gætilega ef hann ætlaði ekki að enda sína stuttu tilvist. Alls staðar blöstu við honum einstaklingar af ýmsum gerðum sem voru í sömu aðstöðu og hann.

Eins og við vitum þá bregðast einstaklingar á ólíkan hátt við erfiðum aðstæðum. Sumir grétu

og veinuðu í örvilnun, aðrir voru alveg hrópandi reiðir yfir þessum ósköpum og enn aðrir fífluðust í félögum sínum og hlógu kæruleysislega eins og þeim væri bara alveg sama. Síðan voru enn aðrir, og þeir vöktu Sebastíani Kassmann óhug, sem voru með hræðilega frekju og ofsóknir á hendur öðrum íbúum svæðisins. Einn þeirra og sá allra versti var Sammi sýra. Sebastián Kassmann sá strax að það væri náungi sem vert væri að forðast. Hann gekk um og frekjaðist alveg óskaplega. Þeir sem ekki vildu gera eins og hann sagði urðu fyrir því hræðilega óláni að Sammi sýra hellti sér yfir þá og þeir urðu hreinlega að engu. Þetta fannst Sebastíani Kassmann að hlytu að vera alveg hræðileg örlög svo að hann ákvað að hafa hægt

um sig og forðast þennan náunga sem best hann gæti. Hann vonaðist til þess að sleppa með einhverjum hætti burt af þessum stað. Hann óskaði sér þess jafnvel að hann væri orðinn að flugdrekanum fallega sem hann hafði varðveitt nokkrum dögum áður og gæti bara svifið á brott frá þessu öllu saman. Honum varð ekki að ósk sinni því í þessu tóku að heyrast drunur og brumm, brumm af hæstu gerð. Skyndilega birtist þeim skærgul og ógnvekjandi jarðýta, sem dröslaði á undan sér stórri moldarhrúgu. Aumingja Sebastían Kassmann varð að anda að sér síðasta súrefnisskammtinum í langan, langan tíma því nú sópaðist moldin yfir hann. Sebastían Kassmann var nú staddur í algjöru myrkri og vissi vart hvað



sneri upp og hvað niður. Hann gat sig hvergi hreyft og í kringum hann fjargviðruðust félagar hans og fjandvinir yfir sömu örlögum. Eina huggun Sebastíans Kassmanns var sú að sennilega væri Sammi sýra jafn fastur og hann sjálfur og ætti því erfiðara með að ná til hans. Sammi sýra kæmist sennilega ekki til hliðar, þar sem Sebastián Kassmann var staddur, heldur myndi hann, þar sem hann var í fljótandi formi, smám saman leka niður á við. Hann myndi þá jafnvel enda úti í sjó og hljóta þar frelsi til að angra aðra á ný. „Aumingja íbúar sjávarins,“ hugsaði Sebastián Kassmann! Sammi sýra myndi sko sannarlega hella sér yfir þá. Ekki myndi svo bæta úr skák að hann væri örugglega orðinn helmingi skapverri



eftir að hafa legið í jörðinni langtímum saman. Nei, íbúar sjávarins áttu sko ekki von á góðu!

Næstu ár dvaldi Sebastían Kassmann í jörðinni. Þetta voru einmanaleg ár og Sebastían Kassmann óskaði þess æ heitar að hann fyndi leið til þess að sleppa úr þessari myrku þrú. Hann átti fáa vini þarna enda gátu menn sig hvergi hreyft og því var erfitt að kynna öðrum. Hvað áttu menn svo sem að spjalla um þegar ekkert gerðist í þessu eilífa myrkri?

Sebastían Kassmann er einn þeirra sem aldrei gefa upp vonina og því var það sem hann hóf að kalla eftir hjálp án þess að hafa hugmynd um hvort ein-



hver myndi nokkru sinni heyra til hans. Ef hann hefði ekki gert það þá hefðum við aldrei hist aftur og Sebastián Kassmann lægi ennþá grafinn í jörðu, þjakaður af einmanakennd.

Eftir að hafa hlustað á sögu Sebastíans Kassmanns ákváðum við Trítill að bjóða honum að búa hjá okkur þar sem hann hefði tækifæri til þess að jafna sig. Þótt tíminn liði var aumingja Sebastián Kassmann alltaf jafn lúinn og snjáður og ekkert benti til þess að hann yrði nokkru sinni samur aftur. Það var því eitt kvöldið sem hann trúði mér fyrir því að hann óskaði sér nýs lífs í nýjum líkama sem væri heilbrigður og án þeirra verkja sem stöðugt þjökkuðu hann. Hann bað mig um að

hjálpa sér við að finna leið til þess að láta þennan draum sinn rætast. Eftir nokkurra daga umhugsun komumst við að því að sennilega væri besta leiðin sú að koma honum til endurvinnslu. Ég hafði nefnilega heyrt að gamlir og lúnir kassar þyrftu ekki lengur að enda daga sína á ruslahaugi heldur gætu þeir átt framtíðina fyrir sér sem nýir pappakassar eða jafnvel sem eitthvað allt annað. Mér þótti afar leiðinlegt að þurfa að skilja við Sebastián Kassmann því að hann var orðinn góður vinur minn. Ekki gat ég þó látið mínar tilfinningar standa í vegi fyrir því að draumur Sebastíans Kassmanns rættist. Eigi maður sannan vin þá vill maður honum auðvitað allt það besta sem veröldin hefur upp á að bjóða. Það var óneitan-




lega erfið stund þegar við kvöddumst á endurvinnslustöðinni en innra með okkur bjó þó sú von að við ættum eftir að hittast einhvern tímann aftur.

Eftir að leiðir okkar Sebastíans Kassmanns skildi var hann í sömu aðstöðu og hann hafði verið í mörgum árum áður þegar hann sat og beið ásamt félögum sínum í ruslatunnunni hennar Hönnu frænku. Rétt eins og þá fann hann fyrir örlitlum kvíða vegna þess sem biði hans. Hvað myndi verða um hann nú? Hann vonaði heitt og innilega að hann hefði tekið rétta ákvörðun og að hann væri raunverulega að stíga skref í átt að betra lífi.

Skyndilega voru hugsanir hans rofnar af hljómfagurri röddu sem sagði: „Sæll, hver ert þú?“ Honum varð litið í kringum sig og í myrkrinu gat hann greint útlínur óteljandi kassa sem einnig biðu þess að mæta örlögum sínum. Hann varð strax forvitinn um þessa fallegu rödd sem jafnvel gæti upplýst hann um það hvert förinni væri heitið. „Ég heiti Sebastián Kassmann,“ sagði hann upphátt án þess að vita nákvæmlega hvert hann átti að beina röddinni. Þá fann hann skyndilega léttu snertingu á öxlinni og síðan var honum rétt hönd og þá sá hann loks hver var eigandi raddarinnar. Þarna var komin Bella Kassína eins og hún kynnti sig um leið og hún heilsaði honum með handabandi. Þeim varð strax vel til vana og

einhvern veginn leið Sebastíani betur, nú þegar hann hafði fundið sér ferðafélaga. Bella Kassína sagðist vera kassi utan af nýrri brauðrist en hafa verið svo heppin að lenda hjá umhverfisvænni fjölskyldu sem hefði ákveðið að senda hana til endurvinnslu. Þau voru í hrókasamræðum þegar allt fór að skjálfa og hristast. Sebastían Kassmann þreifaði eftir hönd Bellu Kassínu og þau héldu þéttingsfast hvort í annað. Það versta sem Sebastían Kassmann gat hugsað sér var að glata sínum nýja vini. Eins og hendi væri veifað hætti hristingurinn á ný og hoppsa sa!, enn og aftur þurfti Sebastían að þola það að vera sturtað út í óvissuna. Hann fann skelfinguna vaxa innra með sér. Skyldi hann aftur vera kominn á þennan



Basta bradstolarnas / bäddar!

hörmulega stað og verða grafinn í jörðu til eilífðarnóns. Hann kreisti aftur augun og opnaði þau ekki aftur fyrr en veltingurinn hætti. Sem betur fer hafði hann ekki misst takið á vinkonu sinni sem horfði skelfingu lostin á hann. Þau voru stödd í risastóru húsi. Sebastián hafði aldrei séð jafn stórt hús áður, hvað þá jafn undarlega útbúið. Þau lágu öll í einni kös í einhvers konar rennu. Þarna voru hundruð ef ekki þúsundir kassa sem töluðu hver ofan í annan. Þið getið ímyndað ykkur að hávaðinn var ærandi. Flestir veltu því fyrir sér hvar í ósköpunum þau væru eiginlega stödd en enginn hafði svar á reiðum höndum. Það heyrðist undarlegt suð og skyndilega fóru þau að hreyfast og Sebastián Kassmann sá að þau færðust í átt að




einhverri undarlegri og ógnarstórri vél. Þaðan heyrðust undarleg högghljóð og ískur. Sebastían Kassmann greip enn og aftur þéttingsfast um Bellu Kassínu og saman runnu þau á vit örlaganna. Skyndilega varð allt svart og Sebastíani Kassmann fannst sem þrýst væri á hvern einasta smáblett líkama hans. Sebastíani Kassmann og Bellu Kassínu, ásamt hundruðum annarra kvar-tandi kassa, var þrýst og þjappað saman eins og mögulega var hægt. Sebastían Kassmann var viss um að hann væri nú orðinn minni en nokkru sinni áður. Já, jafnvel minni en hann var við fæðingu og þá er nú mikið sagt. Þessi stóri kassaklumpur sem þau voru nú orðin hluti af var síðan fluttur um borð í skip, eða það sagði í það minnsta einn

kassinn sem var nógu utarlega í klumpnum til þess að sjá eitthvað. Fyrir Sebastíani Kassmann og Bellu Kassínu var hins vegar allt svart og þau gátu sig hvergi hreyft í langan, langan tíma. Sebastián Kassmann rankaði aftur við sér þegar þau losnuðu skyndilega úr þrúundinni. Hann andaði djúpt að sér og fann hvernig beyglaðir skankarnir réttu hægt og sígandi úr sér. Ó, elsku súrefni, hvað ég hef saknað þín!

Þau voru enn og aftur stödd í risavöxnu húsi. Þarna mátti hins vegar heyra önnur hljóð en á fyrri staðnum. Þetta voru meira svona kviss- og blöbbljóð sem Sebastián Kassmann grunaði að væru af völdum vatns. Hann hafði líka á réttu að



standa því allt í einu fundu þau hvernig heitt vatn luktist um þau og svo fóru þau að snúast hring eftir hring eftir hring. Ohhh!, þetta var nú ekki alveg að skapi Sebastíans Kassmanns sem hafði alltaf verið með hálfviðkvæman maga. Bella Kassína reyndi eftir bestu getu að hlúa að honum, en það var erfitt þar sem þau voru á fleygiferð. Sebastián Kassmann fann hvernig hann byrjaði að leysast upp í litlar agnir og þannig blandaðist hann smám saman vinkonu sinni, henni Bellu Kassínu. Þegar þau voru orðin að mauki og vissu ekki lengur hver var hvað, söguðust þau snögglega inn í enn eitt furðulegt tækið. Sebastián Kassmann fann hvernig litli, lúni líkaminn hóf að taka á sig aðra mynd og um hann streymdi unaðs-



leg vellíðan. Það var eins og hugur hans stækkaði skyndilega og hann upplifði allt í einu fleiri og sterkari tilfinningar en nokkru sinni áður. Þá uppgötvaði hann að þetta voru hugsanir og upplifanir Bellu Kassínu vinkonu hans sem höfðu sameinast hans eigin á einhvern óskiljanlegan hátt. Hann fann að hann myndi aldrei framar þurfa að glíma við einmanakennd því að ekkert myndi nokkru sinni aðskilja hann frá vinkonu sinni.

Já, lífið er nú einu sinni undarlegt og hlutirnir eiga það til að fara betur en á horfist. Þannig var að örlögin höfðu ætlað okkur Sebastíani Kassmann að hittast á nýjan leik og það meira að segja á


nánast sama hátt og við höfðum sést í fyrsta skipti. Jú, þannig var að hún Hanna frænka mín var í þann mund að eiga afmæli og hafði boðið til veislu eins og svo mörgum árum áður. Ég fór að sjálfsgöðu í bæjarferð því að mig langaði mikið til þess að kaupa eitthvað fallegt handa henni. Ég labbaði á milli búða og skoðaði óteljandi hluti en alltaf var eins og eitthvað segði mér að halda áfram að leita. Loks fór ég inn í bóka- og föndur-búð því að ég veit að hún frænka mín hefur gaman af því að lesa og mér datt í hug að reyna að finna einhverja skemmtilega bók handa henni. Sem ég stóð við afgreiðsluborðið til þess að borga bókina, fannst mér eins og einhver horfði á mig. Ég sneri mér snöggt við en þar var enginn.

„Humm!, skrytið,“ hugsaði ég og hélt áfram að bíða. Þegar röðin var alveg að koma að mér, heyrði ég nafnið mitt hvíslað afar lágt. Þetta fannst mér í meira lagi undarlegt því að ekki gat ég séð neinn sem gæti verið eigandi að þessari rödd. Eins og ég hef áður sagt ykkur þá er ég ákaflega forvitin og ég gat hreinlega ekki farið út úr búðinni án þess að vita hver hefði hvíslað nafnið mitt. Ég laumaði mér því aftur út úr röðinni og labbaði spekinglega um búðina. Í þetta skipti grandskoðaði ég allt í kringum mig. Ég skyldi komast til botns í málinu. Skyndilega var aftur hvíslað en nú mun nær mér en í fyrra skiptið. Ég leit í kringum mig og kom auga á stafla af teikniblokkum af öllum stærðum og gerðum.



Eitthvað dró mig að staflanum og ég var viss um að hljóðið hefði komið þaðan. Í miðjum staflanum lá bók sem kom mér kunnuglega fyrir sjónir. Ég vissi ekki hvað það var því ég var nokkuð viss um að hafa aldrei séð slíka bók áður. Þetta var mjög falleg bók því framhliðina prýddi mynd af tunglinu og óteljandi stjörnum, það var sem maður sæi allan himingeiminn opnast fyrir framan sig. Ég skoðaði bókina vel og allt í einu tók ég eftir því að tunglið var skælbrosandi. Svo opnaðist munnurinn á því og ég heyrði sagt: „Þekkirðu mig ekki aftur?“ Ég fann gleðina hríslast um mig því að þarna var kominn minn góði vinur, sjálfur Sebastían Kassmann. Hreystin og ánægjan skinu bókstaflega af honum og ég vissi að nú myndi

ekkert geta aðskilið okkur framar. Þegar við gengum heim á leið brosti sólin til okkar og trén hvísluðu að okkur: „En hvað lífið getur verið fallegt!“



*Þetta er sagan af Sebastíani Kassmann, litlum pappaumbúða-manni sem lendir í margvíslegum og jafnvel háskalegum ævintýrum á lífsleið sinni. Sagan er gefin út í tilefni af tíu ára afmæli SORPU (1991-2001) og er bakgrunnur hennar tímabil róttækra breytinga á sviði úrgangsmála sem fylgdi í kjölfar stofnunar SORPU. Sagan er einkum ætluð yngri viðskiptavinum fyrirtækisins en þeir sem hafa gaman af ævintýrum ættu ekki að láta örlög Sebastíans Kassmanns fram hjá sér fara.*

